**Sþ.** **146. Fyrirspurn** [140. mál]

til landbúnaðarráðherra um þróun kaupmáttar launaliðar bóndans.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver var þróun kaupmáttar launaliðar bóndans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins 1. september ár hvert á tímabilinu 1978–1985 og 1. ágúst 1986, reiknað á verðlagi hvers árs og fært til verðlags á haustmánuðum 1986? Í svari óskast miðað við sambærileg grundvallarbú og vísitölu framfærslukostnaðar.
2. Hvenær á þessu tímabili (1978–1986) og hversu mikið hafa bændur gefið eftir af sínum hlut í verðlagsgrundvelli og á hvaða forsendum hefur slík eftirgjöf verið veitt hverju sinni?

**Skriflegt svar óskast.**